

Sólveig Anna Jónsdóttir
Formaður Eflingar - stéttarfélags
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2020

Efni: vegna erindis umboðsmanns barna

Hlutverk embættis umboðsmanns barna samkvæmt lögum um umboðsmann barna er að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra, m.a. samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og fleiri alþjóðasamningum. Skal umboðsmaður barna vinna að því að stjórnsýsluhafar, einstaklingar, félög og samtök einstaklinga taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu skal umboðsmaður barna setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins.

Starf umboðsmanns barna felst ekki síst í því að koma á framfæri sjónarmiðum barna, en samkvæmt lögum um umboðsmann barna ber embættinu að stuðla að þátttöku barna í samfélagslegri umræðu og allri stefnumótun og ákvarðanatöku í málum sem varða þau. Embættinu hafa borist bréf frá börnum sem hafa miklar áhyggjur af því, að þegar skerðingum á skólahlaldi lýkur, nokkrum vikum fyrir skólaslit, taki við verkföll. Í bréfum til embættisins hafa börnin lýst yfir áhyggjum yfir eigin námi og líðan. Þetta eru mikilvæg skilaboð barna til deiluaðila sem umboðsmanni barna er ekki eingöngu heimilt að miðla, heldur skylt.

Umboðsmaður barna vill áréttta sérstaklega að verkfall starfsfólks í skólum bitnar ekki síst á þeim börnum sem eru í veikri stöðu fyrir, eins og til dæmis börnum einstæðra foreldra sem sinna krefjandi láglaunastörfum undir miklu álagi. Komi til verkfalls mun sá hópur foreldra þurfa að sinna starfi sínu og tryggja umönnun barna með öðrum leiðum á sama tíma, með tilheyrandi álagi á þau heimili og þær fjölskyldur.

Með því að tala máli barna og koma á framfæri þeirra áhyggjum, er umboðsmaður barna ekki að taka afstöðu í deilu samningsaðila, heldur eingöngu að hvetja deiluaðila til þess að leysa deiluna sem fyrst, og enn fremur benda á þá brýnu hagsmuni barna sem hér eru undir. Að því sögðu, er í engu verið að gera lítið úr öðrum hagsmunum sem undir eru, eða þeim mikilvægu störfum sem félagsmenn Eflingar sinna í þágu barna og fjölskyldna.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna